

Fimmtudaginn 23. mars 1995.

Nr. 61/1992.

Sigurjón Ragnarsson

(Björn Ólafur Hallgrímsson hrl.)

gegn

Pétur Þór Sigurðsson

(Björgvin Þorsteinsson hrl.)

Kærumál. Frávísun frá Hæstarétti. Endurupptaka.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 7. febrúar 1992 að undangenginni útivist í málinu 3. sama mánaðar. Samkvæmt 3. mgr. 107. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, sbr. 5. tl. 102. gr. laga nr. 92/1991, sætti málið kærumeðferð fyrir Hæstarétti eftir 1. júlí 1992, og skiluðu aðilar í því sókn og vörn. Sóknaraðili krafðist þess, að hin kærða aðfarargerð yrði felld úr gildi, en varnaraðili aðallega, að kærumálinu yrði vísað frá Hæstarétti, og til vara, að kröfum sóknaraðila yrði hafnað.

Með dómi Hæstaréttar 15. október 1992 var hin kærða aðfarargerð felld úr gildi. Var niðurstaða dómsins á því byggð, að aðfarargrundvöllur áskorunarstefnunnar hefði verið niður fallinn, er hin kærða fjárnámsgerð fór fram. Var þá meðal annars litið til yfirlýsingar lögfræðideildar Landsbanka Íslands frá 2. október 1992.

Varnaraðili óskaði endurupptöku málsins 20. maí 1994 á þeim grunni, að framangreind yfirlýsing lögfræðideildar Landsbanka Íslands væri efnislega röng. Á fundi hæstaréttardómara 24. október 1994 var samþykkt að verða við ósk varnaraðila. Röksemdir réttarins voru þessar:

„Með umsókn Péturs Þórs Sigurðssonar um endurupptöku hæstaréttarmálsins nr. 61/1992 hafa verið leiddar að því sterkar líkur, að gögn, sem komu fyrst fram á lokastigi þessa máls, er sætti kærumálsmeðferð, hafi ekki gefið rétta mynd af atvikum, sem réðu öðru fremur úrslitum um niðurstöðu þess. Telja verður, að hann hafi fært fyrir því nægjanleg rök, að hann kunni að hafa stórfellda hagsmuni

af því, að málið verði af þessum sökum tekið að nýju til meðferðar og dómsuppsögu fyrir Hæstarétti. Er því fullnægt skilyrðum 1. mgr. 169. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991, sbr. 22. gr. laga nr. 38/1994, til að verða við umsókn um endurupptöku þessa máls, og er leyfi til þess veitt.“

Af hálfu sóknaraðila er þess nú krafist aðallega, að synjað verði um framgang fjárnámsgerðar í 7,17% eignarhluta sóknaraðila í Pósthússtræti 11, Reykjavík, í eignarhlutum hans á fyrstu og annari hæð í eystri enda fasteignarinnar Einholts 2 í Reykjavík. Til vara krefst hann þess, að gerðin verði ómerkt og felld úr gildi. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Varnaraðili krefst þess, að kröfum sóknaraðila verði hafnað, til vara, „að staðfest verði, að hefði yfirlýsing Landsbanka Íslands, dags. 2. október 1992, ekki komið til, hefði kröfum sóknaraðila verið hafnað“, til þrautavara, „að viðurkennt verði með dómi, að aðfarargrundvöllur sá, sem hin kærða fjárnámsgerð var byggð á, sé í fullu gildi“. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Aðilar eru um það sammála, að fasteignirnar, sem voru andlag fjárnámsins, sem áfrýjað var 7. febrúar 1992, séu ekki lengur í eigu sóknaraðila og ekki sé unnt að framfylgja því með uppboðsgerð. Sóknaraðili hefur þannig ekki lengur lögvarða hagsmuni af því að fá hnekkkt fjárnámi varnaraðila, og ber að vísa málinu frá Hæstarétti. Mál aðila er þá í því horfi, að dómur Hæstaréttar frá 15. október 1992 hefur verið felldur úr gildi. Hefur þá engin afstaða verið tekin til grundvallar þess, sem fjárnámið hvíldi á.

Rétt þykir, að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Kröfu sóknaraðila er vísað frá Hæstarétti.

Málskostnaður fellur niður.